



SINFÓNÍUHLJÓMSVEIT
ÍSLANDS

OG PROKOFÉJEV BRAHMS

7. FEBRÚAR
2019



VELKOMIN

Vinsamlegast hafið slökkt á farsímum meðan á tónleikum stendur.

Tónleikarnir eru í beinni útsendingu á Rás 1 og aðgengilegir á ruv.is.

Tónleikagestir eru beðnir um að klappa aðeins í lok tónverka.

Áætluð tímalengd verka:

Infinitesimal fragments of eternity: 18'

Píanókoncert: 30'

Sinfónía: 45'

Upptökur með Sinfóníuhljómsveit Íslands má finna á YouTube- og Spotify-rásum hljómsveitarinnar. Á Spotify má einnig finna legalista með allri tónlist starfsársins.



@icelandsymphony / #sinfó

Aðalstyrktaraðili:

GAMMA

Icelandair Hotels



MENNTA- OG
MENNINGARMÁLARÁÐUNEYTIÐ



Reykjavíkurborg

FIM 07 FEB 19:30

TÓNLEIKAR Í ELDBORG

PROKOFÍEV OG BRAHMS

Antonio Méndez

hljómsveitarstjóri

Denis Kozhukhin

einleikari

EFNISSKRÁ

Atli Heimir Sveinsson

Infinitesimal Fragments of Eternity (Örsmá eilífðarbrot, 1982)

Sergei Prokofiev

Píanókonsert nr. 2 (1913/1923)

Andantino – Allegretto

Scherzo: Vivace

Intermezzo: Allegro moderato

Allegro tempestoso

Hlé

Johannes Brahms

Sinfónía nr. 4 í e-moll op. 98 (1884–85)

Allegro non troppo

Andante moderato

Allegro giocoso

Allegro energico e passionato – Piú allegro

For information in English about tonight's programme,
please visit the Iceland Symphony Orchestra website:
en.sinfonia.is



ANTONIO MÉNDEZ

HLJÓMSVEITARSTJÓRI

Spænski hljómveitarstjórinn Antonio Méndez fæddist árið 1984 í Palma á Mallorca þar sem hann hóf ungur píanó- og fiðlunám. Síðar lærði hann tónsmíðar og hljómveitarstjórn við Real Conservatorio Superior de Música í Madrid. Méndez fluttist til Þýskalands árið 2007 og lauk prófum í hljómveitarstjórn frá Listaháskólanum í Berlín og Franz Liszt-tónlistarháskólanum í Weimar. Antonio Méndez vakti alþjóðlega athygli þegar hann vann til verðlauna í hinni virtu Nikolai Malko-keppni í Kaupmannahöfn árið 2012. Árið eftir komst hann svo í úrslit í hljómveitarstjórakeppni í Salzburg.

Þrátt fyrir ungan aldur hefur Antonio Méndez stjórnað mörgum nafntoguðum hljómveitum í Evrópu og Bandaríkjunum. Þeirra á meðal eru Tonhalle-hljómveitin í Zürich, Konzerthaus-hljómveitin í Berlín, Sinfóníuhljómveit Vínborgar, Sinfóníuhljómveit bæverska útvarpsins, Fílharmoníuhljómveitin í Rotterdam, Mahler-kammersveitin og Fílharmoníusveitin í Los Angeles. Í fyrra tók hann við stöðu aðalstjórnanda við Sinfóníuhljómveitina í Tenerife. Hljóðritun hans með Útvarpshljómveitinni í Stuttgart hlaut Echo Klassik-verðlaunin en auk þess hefur hann hljóðritað með Skosku kammersveitinni fyrir Linn-útgáfuforlagið.

Antonio Méndez hefur einu sinni áður stjórnað Sinfóníuhljómveit Íslands, í verkum eftir Ravel og Dvořák vorið 2016.



DENIS KOZHUKHIN

EINLEIKARI

Rússneski píanóleikarinn Denis Kozhukhin fæddist í Nízhnáj Novgorod árið 1986 og er af tónlistarfólki kominn. Hann hóf píanónám hjá móður sinni fimm ára gamall og hélt áfram námi við Balakirev-tónlistarskólann í heimaborg sinni, og við Reina Sofía-tónlistarskólann í Madrid þar sem Dimitri Bashkírov var meðal kennara hans.

Kozhukhin hefur á síðustu árum skipað sér í fremstu röð píanista frá heimalandi sínu. Hann hlaut fyrstu verðlaun í Queen Elisabeth-keppninni í Brussel árið 2010 og síðan þá hefur ferill hans verið ein samfelld sigurganga. Hann hefur leikið einleik m.a. með Concertgebouw-hljómsveitinni í Amsterdam, Sinfóníuhljómsveitunum í Chicago og Lundúnum, Staatskapelle í Berlín, Fílharmoníusveitunum í Ósló og Stokkhólmi, og þannig mætti lengi telja. Meðal hljómsveitarstjóra sem hann hefur starfað með má nefna Daniel Barenboim, Sir Simon Rattle, Valeríj Gergíev, Vladimir Ashkenazy og Vladimir Jurowski.

Í fyrra lék Kozhukhin í fyrsta sinn á Proms-tónlistarhátíðinni í Royal Albert Hall, og hann lék píanókonsert nr. 23 eftir Mozart í tónleikaferð um Evrópu ásamt Cadaqués-hljómsveitinni undir stjórn Ashkenazys. Hann hefur hljóðritað nokkra geisladiska og var fyrsti diskur hans fyrir forlagið Pentatone, píanókonsertar eftir Grieg og Tsjajkovskíj með Útvarpshljómsveitinni í Berlín, valinn diskur mánaðarins hjá tímaritunum *Gramophone* og *Fono Forum*.

Kozhukhin leikur einnig kammertónlist með listamönnum á borð við Janine Jansen, Vadim Repin, Michael Barenboim, Renaud Capuçon og Alisu Weilerstein. Þetta er í fyrsta sinn sem Kozhukhin kemur fram á Íslandi.



ATLI HEIMIR SVEINSSON

INFINITESIMAL FRAGMENTS OF ETERNITY

Atli Heimir Sveinsson (f. 1938) hefur um langt árabil verið eitt frumlegasta og fjölhæfasta tónskáld Íslands. Hann var óróaseggurinn í íslenskri tónlist á sjöunda og áttunda áratugnum, ef til vill sá eini í tónlistarsögu landsins sem verðskuldar fyllilega nafnbótina „enfant terrible“, en á milli þess sem hann hneykslaði smáborgara upp úr skónum með skrýtnum tilraunaverkum yljaði hann þeim um hjartarætur með yndisfögurum hendingum sem enginn vildi vera án. Hann er óskammfeilið kamelljón í tónsköpun sinni, bregður sér í líki Schuberts þegar hann semur lög við kvæði Jónasar Hallgrímssonar og Händels þegar hann semur gamanaríur við kvæði íslenskra barokkskálda. Í grunninn er tónmál Atla þó meira í ætt við rómantískan expressjónisma, með sterkum mótsögnum og árekstrum sem knýja tónlistina áfram.

Atli Heimir og Sinfóníuhljómsveit Íslands hafa átt gott samstarf um langt árabil. Það var í september 1967 sem Atli, þá tæplega þrítugur að aldri, stjórnaði hljómsveitinni í *Hlými*, fyrsta verki sínu eftir að hann lauk námi. Samtals hefur Sinfóníuhljómsveit Íslands leikið 22 hljómsveitarverk Atla Heimis síðan 1967, mörg þeirra oft en einu sinni, hljóðritað þau til útgáfu og flutt á tónleikaferðum sínum erlendis. Þá má geta þess að Atli Heimir var staðartónskáld Sinfóníuhljómsveitar Íslands á árunum 2004–2007.

Verkið *Infinitesimal Fragments of Eternity*, eða Örmá eilífðarbrot, er frá árinu 1982. Það var samið að tilhlutan norrænu tónlistarsamtakanna NOMUS fyrir kammersveitina í Saint Paul í Minnesota og frumflutt þar í tengslum við norræna menningarkynningu sem fram fór í Bandaríkjunum undir yfirskriftinni Scandinavia Today. Þetta er annað tveggja íslenskra hljómsveitarverka sem urðu til í tengslum við þessa kynningu, en Jón Nordal samdi verkið *Choralis* fyrir Þjóðarsinfóníuhljómsveit Bandaríkjanna í Washington D.C. um sama leyti. Verkið var flutt á Íslandi skömmu síðar og var því vel tekið; m.a. skrifaði Rögnvaldur Sigurjónsson í Þjóðviljann að sér hefði þótt gaman að verkinu og að það væri „hugvitsamlega samið, eins og Atla er von og vísa, og skrifað af mikilli kunnáttu og yfirsýn.“

TÓNLISTIN Á ÍSLANDI

Infinitesimal Fragments of Eternity hefur aðeins einu sinni áður hljómað á tónleikum á Íslandi. Sinfóníuhljómsveit Íslands flutti það undir stjórn Jean-Pierre Jacquillat í Háskólabíói í október 1984. Auk þess hljóðritaði hljómsveitin verkið fyrir Ríkisútvarpið árið 1989 undir stjórn Guðmundar Emilssonar og hefur sú upptaka stundum heyrt á öldum ljósvakans.



SERGEI PROKOFÍEV

PIÁNÓKONSERT NR. 2

Sergei Prokofiev (1891–1953) vakti ungur athygli fyrir framúrskarandi píánóleik og hóf einnig að semja tónlist á barnsaldri. Fyrsta píánókonsert sinn (af fimm) samdi hann ríflega tvítugur að aldri og flutti sem útskriftarverk sitt við tónlistarháskólann í Pétursborg við góðar undirtektir. Frumraun hans í þessari grein tónlistarinnar er einþáttungur, en píánókonsert nr. 2 er af allt annarri stærðargráðu. Verkið er í fjórum þáttum og gerir feykilegar kröfur til einleikarans bæði hvað varðar tæknilega getu og líkamlegt úthald. Jafnvel tónskáldið sjálf, sem æfði konsertinn linnulaust fyrir frumflutninginn haustið 1913, var nærri búinn að játa sig sigraðan; hann lét hafa eftir sér að einleiksparturinn væri bæði „ótrúlega erfiður og kvikindislega lýjandi“.

Tónmálið sjálf var líka nýstárlegt og hér má greina flest helstu stílbrigði sem einkenndu verk Prokofiefs upp frá þessu. Konsertinn þurfti þó að gjalda frumleikans, þar sem verkið kom áheyrendum fullkomlega í opna skjöldu við frumflutninginn. Sumir sátu steini lostnir meðan aðrir gengu úr salnum; enn aðrir hrópuðu ókvæðisorð að tónskáldinu sem sat sveittur við flygilinn: „Fjandinn hirði þessa framtíðarmúsík! Jafnvel kettirnir heima hljóma betur en þessi ósköp!“

Þegar Prokofiev yfirgaf Sovétríkun árið 1918 urðu nóturnar að konsertinum eftir í Pétursborg. Sagt var að þær hefðu brunnið í eldsvoða skömmu síðar; tónskáldið kvaðst hafa neyðst til þess að skrifa verkið aftur upp eftir minni og notað tækifærið til að gera á því ýmsar breytingar. Sumir fræðimenn vilja þó meina að sagan um eldsvoðann sé uppspuni enda hafði Prokofiev flutt konsertinn margoft þegar hér var komið sögu og ólíklegt að öll eintök af bæði raddskrá og hljómsveitarnótum hafi fuðrað upp í einu lagi. Hvað sem því líður var ný útgáfa verksins frumflutt í París í maí 1924, með tónskáldið sjálf við flygilinn. Ekki varð sá flutningur til að festa konsertinn í sessi. Það var ekki fyrr en á sjötta og sjöunda áratug síðustu aldar sem ný kynslóð rússneskra píánista tók píánókonsert nr. 2 upp á sína arma – þeirra á meðal Vladimir Ashkenazy og Svjatoslav Richter – og í kjölfarið fór hann að hljóta þá athygli sem honum ber.

TÓNLISTIN Á ÍSLANDI

Sinfónían hefur fjórum sinnum áður flutt píánókonsert nr. 2 eftir Prokofiev, fyrst árið 1971. Einleikari þá var Rafael Orozco, en síðan hafa leikið konsertinn Þorsteinn Gauti Sigurðsson, Tatjana Lazareva og síðast Viktoria Postnikova sem lék verkið í Háskólabíói vorið 2011.



JOHANNES BRAHMS

SINFÓNÍA NR. 4

Í rómverskri goðafraði er Janus guð tímamóta, upphafs og enda, og í myndlist birtist hann oft með tvö höfuð sem snúa í andstæðar áttir. Í tónlist sinni horfir Johannes Brahms (1833–1897) bæði fram á veginn og aftur til fortíðar, fléttar saman aldagamalli þýskri tónlistarhefð og nýjum aðferðum, tengir saman hljóma á óhefðbundinn hátt og fléttar saman smæstu einingar svo úr verða breiðar laglínur. Sjaldan mætast fortíð og nútíð jafneftirminnilega í verkum Brahms og í fjórðu sinfóníunni, sem hann samdi í austurrísku ölpunum sumrin 1884 og 1885. Brahms þekkti tónlist gömlu barokkmeistaranna eins og lófann á sér enda voru fremstu Bach-fræðingar 19. aldar, þeir Friedrich Chrysander og Philipp Spitta, meðal nánustu vina hans. Það var Spitta sem gaf Brahms handskrifað eintak að kantötu nr. 150, *Nach dir, Herr, verlangst mich* eftir J.S. Bach, nokkrum árum áður en hún var fyrst gefin út á prenti. Brahms byggði einmitt lokaþátt fjórðu sinfóníunnar á einu af stefjum kantötunnar.

TÓNLISTIN Á ÍSLANDI

Sinfóníuhljómsveit Íslands hefur flutt fjórðu sinfóníu Brahms alls 19 sinnum, fyrst í Þjóðleikhúsinu undir stjórn Olavs Kielland árið 1951. Kielland stýrði henni fjórum sinnum með hljómsveitinni, en meðal annarra stjórnenda eru Vladimir Ashkenazy (1978 og aftur 2017), Jukka-Pekka Saraste (1986), Rumon Gamba (2006) og Daníel Bjarnason (2017).

Brahms hafði af því nokkrar áhyggjur að sinfónían væri of þung og tormelt fyrir almenning. Dræm viðbrögð sumra vina hans gerðu lítið til að slá á áhyggjurnar. „Byrjunin er of glannaleg,“ sagði fíðluleikarinn Joseph Joachim. Clara Schumann og Elisabet von Herzogenberg létu einnig í ljós efasemdir. „Erfið, mjög erfið,“ sagði hljómsveitarstjórinn Hans von Bülow, „risavaxin, nýstárleg, einstök. Óviðjafnanleg orka frá fyrsta takti til hins síðasta.“ Að vissu leyti höfðu þau öll á réttu að standa. En maður skyldi varast að vanmeta áheyrendur. Fjórða sinfónían sló í gegn við frumflutninginn í Meiningen í október 1885 og hefur æ síðan þótt eitt mesta afrek Brahms í sinfónískum tónsmíðum.

Sinfónían hefst á stafi sem er dæmigert fyrir Brahms á sínum efri árum; ljúft og blítt en býr um leið yfir djúpum trega. Tónlistin verður smám saman kraftmeiri og næsta stef er ástríðuþrungin, leikið af sellóum og hornum. Litbrigðin eru óteljandi, allt frá dularfullum *pianissimo*-hljómunum yfir í valdsmannslegan lúðraþyt og hornablastur. Úrvinnslan er heillandi, dulúðug og kröftug til skiptis, og þegar upphafshendingarnar snúa aftur leikur Brahms á hlustendur sína með því að teygja úr þeim svo þær verða næstum óþekkjanlegar. Það er hluti af galdrinum hvernig Brahms leysir upp mörkin milli kaflaskila innan þáttarins, en þó er tónlistin ávallt markviss og stefnuföst.

Annar þáttur er ljóðrænt *Andante* þar sem tréblásarar eru mjög í forgrunni; tónlistin er oftast hugljúf en ratar stundum á dekkri slóðir eins og Brahms er von og vísa. Varla verður sagt um þriðja kafla símfóníunnar að hann sé léttfætt scherzo „à la Beethoven“ – til þess er tónefnið of voldugt, hljómsveitarútsetningin þykk og formið umfangsmikið (sónötuforn í stað hins dæmigerða og tiltölulega einfalda scherzo-trío-scherzo). Þótt dansinn sé fremur þungstígur hefur hann glaðvært yfirbragð, og hér notar Brahms þríhorn í eina skiptið í öllum símfóníum sínum.

Lokaþátturinn er *sjakonna* (chaconne) – þrjátíu tilbrigði yfir átta takta hljómagang sem fenginn er að láni úr kantötu nr. 150 eftir Bach. Við upphaf þáttarins heyrir stefið í sínu tærasta formi en í tilbrigðunum sýnir Brahms meistaratök sín og skoðar stefið í sífellu nýju ljósi – það er ýmist hratt eða hægt, blítt eða ofsafengið. Hér má einnig greina áhrif frá öðru verki Bachs í sama formi og Brahms valdi sér, sjakonnu fyrir einleiksfiðlu – ekki síst þegar skipt er yfir í blíðan dúr um miðbikið. Með því að taka eitt stórfenglegasta form barokktímans og gera það fullkomlega að sínu eigin tengir Brahms saman nútíð og fortíð á áhrifamikinn hátt.

Árni Heimir Ingólfsson

SINFÓNÍUHLJÓMSVEIT ÍSLANDS

7. FEBRÚAR 2019

1. FÍÐLA

Sigrún Eðvaldsdóttir
Una Sveinbjarnardóttir
Zbigniew Dubik
Laura Liu
Andrzej Kleina
Pálína Árnadóttir
Bryndís Pálsdóttir
Margrét Kristjánsdóttir
Hildigunnur Halldórsdóttir
Olga Björk Ólafsdóttir
Helga Þóra Björgvinsdóttir
Laufey Sigurðardóttir
Júlíana Elín Kjartansdóttir
Justyna Bidler

2. FÍÐLA

Joaquín Páll Palomares
Peter Andreas Nielsen
Christian Diethard
Sigurlaug Eðvaldsdóttir
Greta Guðnadóttir
Kristján Matthíasson
Ólöf Þorvarðsdóttir
Margrét Þorsteinsdóttir
Roland Hartwell
Þórdís Stross
Geirþrúður Ása Guðjónsdóttir
Pascal La Rosa

VÍÓLA

Þórunn Ósk Marinósdóttir
Gregory Aronovich
Svava Bernharðsdóttir
Þórarinn Már Baldursson
Herdís Anna Jónsdóttir
Lucja Koczot
Sarah Buckley
Guðrún Hrund Harðardóttir
Guðrún Þórarinsdóttir
Kathryn Harrison

SELLÓ

Sigurgeir Agnarsson
Sigurður Bjarki Gunnarsson
Júlía Mogensen
Ólöf Sigursveinsdóttir
Margrét Árnadóttir
Bryndís Björgvinsdóttir
Lovísa Fjeldsted
Helga Björg Ágústsdóttir

BASSI

Hávarður Tryggvason
Páll Hannesson
Jacek Karwan
Gunnlaugur Torfi Stefánsson
Richard Korn
Þórir Jóhannsson

FLAUTA

Áshildur Haraldsdóttir
Emilía Rós Sigfúsdóttir

ÓBÓ

Julia Hantschel
Sandra Simón Monje
Peter Tompkins

KLARÍNETT

Arngunnur Árnadóttir
Rúnar Óskarsson

FAGOTT

Bryndís Þórsdóttir
Leendert Booyens
Eugénie Ricard

HORN

Stefán Jón Bernharðsson
Asbjørn Bruun
Emil Friðfinnsson
Joseph Ognibene

TROMPET

Einar Jónsson
Eiríkur Örn Pálsson
Guðmundur Hafsteinsson

BÁSÚNA

Sigurður Þorbergsson
Carlos Caro Aguilera
David Bobroff, bassabásúna

TÚBA

Benjamin Ordaz

PIÁNÓ

Anna Guðný Guðmundsdóttir

PÁKUR

Frank Aarnink

SLAGVERK

Pétur Grétarsson

Yan Pascal Tortelier *aðalhljómsveitarstjóri*

Vladimir Ashkenazy *aðalheðursstjórnandi*

Osmo Vänskä *heðursstjórnandi*

Bjarni Frimann Bjarnason *aðstoðarhljómsveitarstjóri*

Anna Þorvaldsdóttir *staðartónskáld*

Arna Kristín Einarisdóttir *framkvæmdastjóri*

Árni Heimir Ingólfsson *listrænn ráðgjafi*

Margrét Sigurðsson *fjármálafulltrúi*

Grímur Grímsson *sviðsstjóri*

Anna Sigurbjörnsdóttir *tónleikastjóri*

Hjördis Ástráðsdóttir *fræðslustjóri*

Kristbjörg Clausen *nótta- og skjalavörður*

Sigþór J. Guðmundsson *sviðsstjóri*

Margrét Ragnarsdóttir *markaðs- og kynningarstjóri*

Jökull Torfason *markaðsfulltrúi*

Una Eypórsdóttir *mannauðsstjóri*

Larissa Weidler *umsjónarmaður nótna*

Á DÖFINNI



16 FEB 14:00 & 16:00

PÉTUR OG ÚLFURINN

Bernd Ogrodnik og brúðurnar hans gera söguna um Pétur og úlfinn ljóslifandi og eftirminnilega í barnvænni og fallegri uppfærslu Sinfóníuhljómsveitar Íslands og Halldóru Geirharðsdóttur. Bernd er einn fremsti brúðugerðarmeistari heims og hefur sýning hans á Pétri og úlfinum farið sigurför víða um heim enda töfrum líkust. Fyrsti þáttur *Leikfangasinfóníunnar* með unga einleikara í fararbroddi og hið geysivinsæla *Bolero* eftir Ravel hljóma einnig á tónleikunum undir stjórn Maxime Tortelier.



21 FEB 19:30

DANÍEL OG PEKKA – VORBLÓTIÐ

Vorblót Stravinskíjs er meðal dádustu hljómsveitarverka 20. aldar. Flutningur *Vorblóts* á Íslandi telst ávallt stórvíðburður, ekki síst þegar íslenskur hljómsveitarstjóri er við stjórnvölinn. Daníel Bjarnason er einn fremsti tónlistarmaður landsins. Fiðlukonsert hans var saminn fyrir Sinfóníuhljómsveit Íslands og Fílharmoníuhljómsveitina í Los Angeles, sem frumflutti verkið. Konsertinn var saminn með finnska fiðlusnillinginn Pekka Kuusisto í huga sem er einleikari tónleikanna. Upptaktur að tónleikunum er svo hið undurfagra og kyrrláta *Fratres* eftir Arvo Pärt.



28 FEB 19:30

BRANTELID LEIKUR ELGAR

Danski sellóleikarinn Andreas Brantelid vann hug og hjörtu íslenskra tónleikagesta þegar hann lék einleik með Sinfóníuhljómsveit Íslands árið 2016. Nú snýr Brantelid aftur með vinsælt meistaraverk í farteskinu, tilfinningaþrunginn sellókonsert Elgars. Á tónleikunum hljómar einnig tímamótaverk Jórunnar Viðar, *Eldur* og þriðja sinfónía pólska meistarans Lutoslawskis. Stjórnandi á tónleikunum er Eva Ollikainen.



SINFÓNÍUHLJÓMSVEIT
ÍSLANDS

21. FEB 19:30

DANÍEL OG PEKKA VORBLÓTIÐ

Daníel Bjarnason hljómsveitarstjóri

Pekka Kuusisto einleikari

Arvo Pärt

Fratres

Daníel Bjarnason

Fiðlukonsert

Igor Stravinskij

Vorblót

Tónleikakynning kl. 18:00

Flutningur Vorblóts Stravinskíjs á Íslandi telst ávallt stórvíðburður, ekki síst þegar Íslenskur hljómsveitarstjóri er við stjórnvölinn. Daníel Bjarnason hefur á síðustu árum fest sig í sessi sem einn fremsti tónlistarmaður landsins. Fiðlukonsert hans var saminn fyrir Sinfóníuhljómsveit Íslands og Fílharmoníuhljómsveitina í Los Angeles, sem frumflutti verkið á útisviðinu Hollywood Bowl fyrir yfir 15 þúsund manns. Verkið hefur hlotið einróma lof gagnrýnenda og sama gildir um innblásinn leik finnska fiðlusnillingsins Pekka Kuusisto sem fer svo sannarlega ótroðnar slóðir, en verkið er samið sérstaklega með hann í huga.



TRYGGÐU ÞÉR SÆTI SINFONIA.IS

Míðasala í Hörpu
sinfonia.is
harpa.is
528 50 50



@icelandsymphony / #sinfó

Aðalstyrktaraðili:
GAMMA